

**Viðbrögð við helstu athugasemdum sem fram komu á fundi efnahags- og skattanefndar um frumvarp tii breytinga á lögum um vexti og verðtryggingu (206. mál) föstudaginn 10. desember 2010.**

*Alþingi*

*Erindi nr. P 139/952*

*komudagur 10.12.2010*

**1. Afmörkun í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins.**

Athugasemdir komu fram við ákvæði 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins þar sem skuldbindingar þær sem falla undir greinina eru afmarkaðar í samræmi við ákvæði B-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Komu fram ábendingar um að ákvæðið gæti leitt til mjög ósanngjarnrar niðurstöðu og að það stæðist tæpast jafnræðisákvæði laga og stjórnarskrár að mæla ekki fyrir um að úrræðið skuli ná til allra sem tekið hafa lán sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði.

Ráðuneytið bendir á að afmörkun frumvarpsins við þau lán sem uppfylla skilyrði B-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt er liður í því að setja reglu sem er skýr, gengur ekki lengra en nauðsyn krefur og tekur til allra í sambærilegri stöðu. Til að ná þessu fram þykir rétt að nota viðmið sem þegar er lögfest og hefur verið beitt og er afmarkað með skýrum hætti við lán sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

**2. Fyrirvari um að ekki sé verið að útiloka betri rétt neytandans.**

Í athugasemdum Ásu Ólafsdóttur við frumvarpið er lögð áhersla á að skýrt sé að með setningu laganna sé ekki verið að útiloka betri rétt neytenda. Kom fram á fundi efnahags- og skattanefndar að nefndarmönnum þætti mikilvægt að þetta væri tryggt.

Ráðuneytið tekur undir þessi sjónarmið og bendir á ákvæði í lokamálslið 2. mgr. 2. gr. þar sem fram kemur að ákvæðið sé frávikjanlegt ef samið er um betri kjör skuldara til handa. Telur ráðuneytið að með ákvæðinu sé tryggt að möguleiki neytenda til betri réttar sé til staðar.

**3. Heimild til að setja í reglugerð ákvæði um framsetningu endurútreiknings.**

Á fundi nefndarinnar kom fram ósk um að sett yrði í frumvarpið ákvæði um heimild ráðherra til að setja reglugerð um framsetningu endurútreiknings fjármálafyrirtækja, en mikil gagnrýni hefur komið fram á framsetningu slíkra skjala sem send hafa verið skuldurum. Tekur ráðuneytið undir með nefndinni um að þörf sé á slíku ákvæði.

Ákvæðið gæti orðast svo:

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framsetningu útreiknings á uppgjöri vegna ólögmetra vaxta og/eða verðtryggingar á grundvelli greinarinnar.

#### **4. Ábendingar Arion banka um kveða þurfi skýrar á um réttarstöðu hvers kröfuhafa þegar kröfuhafaskipti hafa verið á láni sem fellur undir frumvarpið.**

Á fundi nefndarinnar var ráðuneytinu afhent minnisblað frá Arion banka þar sem fram koma athugasemdir um að nauðsynlegt sé að kveða á um það í frumvarpinu hvernig fara eigi með það þegar kröfuhafaskipti hafa verið á láni sem fellur undir gildissvið frumvarpsins.

Ráðuneytið telur að skýrt sé af ákvæðum frumvarpsins að skylda til endurreiknings og hugsanlegrar endurgreiðslu hvíli á núverandi kröfuhafa láns. Þá telur ráðuneytið að leiða megi af almennum reglum kröfuréttarins að núverandi kröfuhafi láns eigi endurkröfurétt á hendur fyrri kröfuhöfum láns ef hann hefur þurft að endurgreiða skuldara ofgreiðslur hans sem fyrri kröfuhafi tók við.

Varðandi stöðu Arion banka, sem eignaðist stærstan hluta af kröfum sínum í janúar 2010 sem hluta af eiginfjárframlagi Kaupþings til Arion banka bendir ráðuneytið á að í 118. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er kveðið á um undantekningar frá því að kröfur falli niður sé þeim ekki lýst í bú áður en kröfulýsingafresti lýkur. Í 5. tölul. 118. gr. segir að undir undanþáguákvæðið falli kröfur samkvæmt 1.-3. tölul. 110. gr. laganna og kröfur sem hafa fyrst orðið til eftir uppkvaðningu úrskurðar um að bú sé tekið til slita og henni er lýst án ástæðulausra tafa og áður en boðað er til skiptafundar um frumvarp til úthlutunar úr búinu. Kröfur sem heyra undir 3. tölul. 110. gr. eru kröfur sem hafa orðið til á hendur þrotabúi eftir uppkvaðningu úrskurðar um töku til slita með samningum skilanefndar/slitastjórnar eða vegna tjóns sem búið bakar öðrum.

Í ljósi þessa telur ráðuneytið að ekki sé ástæða til að setja í lög ákvæði um uppgjör Arion banka og Kaupþings þrátt fyrir að Kaupþing sé í slitameðferð.